

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2020

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
kt. 480676-0179

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	11

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í megin atriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu 2020 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 47,7 m.kr. samanborið við 161,2 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.081,3 m.kr., skuldir 7.243,2 m.kr. og eigið fé nam 838,0 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, október 2021

Sigurður Ingi Jóhannsson
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Guðný Sverrisdóttir
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun ríkisendurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur sjóðsins var í samræmi við þau lög sem um hann gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráskjalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, október 2021

Undirritað rafrænt

Skúli Eggert Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Áritun endurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2020, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Jöfnunarsjóðnum og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun endurskoðenda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, október 2021

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2020

Tekjur	Skýr.	2020	2019
Framlag ríkissjóðs.....	1	21.416.862	20.141.360
Framlag sveitarfélaga.....	2	30.666.687	28.750.093
Önnur framlög.....	3	1.341.344	1.352.686
Tekjur alls		53.424.893	50.244.139
Framlög			
Bundin framlög.....	4	1.421.467	1.270.389
Sérstök framlög.....	5	6.884.017	5.722.944
Jöfnunarframlög.....	6	11.450.000	11.673.311
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.....	7	13.189.923	12.364.386
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.....	8	20.362.720	18.762.933
Framlög alls		53.308.127	49.793.962
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	9	7.702	8.376
Annar rekstrarkostnaður.....	10	126.825	122.871
Rekstrarkostnaður samtals		134.527	131.247
Framlög og gjöld alls		53.442.654	49.925.209
Rekstrargjöld/tekjur		(17.761)	318.930
Fjármagnstekjur/gjöld.....	11	65.459	(157.774)
Tekjuafgangur ársins	15	47.698	161.156

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir:			
Sveitarfélög, staða.....	12	3.960.033	3.548.018
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla.....	13	38.008	18.127
Áfallnar vaxtatekjur.....		295	1.305
Aðrar skammtímakröfur.....	14	321.312	444.257
Skammtímakröfur samtals		4.319.647	4.011.708
 Handbært fé:			
Bankareikningar.....		3.761.610	1.541.106
Eignir alls		8.081.257	5.552.814
Utan efnahagsreiknings.....	19	14.486.061	14.192.086

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	15	838.040	790.341
Skammtímaskuldir:			
Ríkissjóður.....	16	808.338	1.492.322
Sveitarfélög og aðrar skuldir.....	17	5.520.897	2.934.963
Önnur framlög, greiðslustaða.....	18	913.982	335.187
Skammtímaskuldir samtals		7.243.218	4.762.472
Skuldir samtals		7.243.218	4.762.472
Skuldir og eigið fé alls		8.081.257	5.552.814

Sjóðstreymi árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Tekjuafgangur samkv. rekstrarreikningi.....		47.698	161.156
Veltufé frá rekstri		<u>47.698</u>	<u>161.156</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun).....		(307.940)	(1.622.349)
Skammtímaskuldir hækkun/(lækkun).....		3.164.730	(468.096)
		<u>2.856.790</u>	<u>(2.090.445)</u>
Handbært fé frá rekstri / til rekstrar		<u>2.904.488</u>	<u>(1.929.289)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar:			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		(21.416.862)	(20.141.360)
Greitt úr ríkissjóði.....		20.732.878	21.518.268
		<u>(683.985)</u>	<u>1.376.908</u>
Hækkun/lækkun á handbæru fé.....		2.220.504	(552.381)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>1.541.106</u>	<u>2.093.487</u>
Handbært fé í árslok		<u>3.761.610</u>	<u>1.541.106</u>

Skýringar

Starfsemi

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda ákvæði III. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sjóðurinn er í vörslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 líkt og ársreikningar A-hluta ríkisaðila. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og eru reikningsskilareglur í meginatriðum hliðstæðar og árið á undan.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Þjónustusamningur við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Jöfnunarsjóður hefur gert samning við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um þjónustu og aðstöðu hjá ráðuneytinu. Núgildandi samningur er frá 31. janúar 2018.

Bókhald

Samningur var gerður við Fjársýslu ríkisins árið 2016 um að annast allt bókhald fyrir Jöfnunarsjóð, bókun reikninga og framlaga til sveitarfélaga og annarra ásamt því að sjá um allar greiðslur fyrir sjóðinn, afstemmingar, uppgjör og skil á uppgjörum og öðru til sveitarfélaga.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skýringar

Tekjur:

1 Framlag ríkisins

Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs.

	2020	2019
Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga	19.276.862	20.141.360
Viðbótarframlag v/fatlaðra.....	670.000	0
Viðbótarframlag v/fjárhagsaðstoðar.....	720.000	0
Viðbótarframlag v/fjárhagsóröðugleika.....	500.000	0
Viðbótarframlag v/sameiningar sveitarfélaga.....	250.000	0
Samtals	<u>21.416.862</u>	<u>20.141.360</u>

2 Framlag sveitarfélaga

Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni.

0,77% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	13.135.339	12.465.758
0,77% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs	281.336	112.458
0,99% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	16.888.293	16.027.288
0,99% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs.....	361.718	144.589
Samtals	<u>30.666.687</u>	<u>28.750.093</u>

3 Önnur framlög

Framlög frá mennta- og menningarm.ráðun. v. tónlistarfræðslu.....	571.700	556.500
Framlög frá velferðarráðuneyti vegna NPA og lengdrar viðveru.....	629.700	470.000
Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	139.944	326.186
Samtals	<u>1.341.344</u>	<u>1.352.686</u>

Gjöld:

4 Bundin framlög

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlöggin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga.....	478.886	473.729
Landshlutasamtök	259.655	269.065
Innheimtustofnun sveitarfélaga	627.400	473.123
Umsjónarnefnd eftirlauna	906	914
Húsafriðunarsjóður	54.620	53.558
Samtals	<u>1.421.467</u>	<u>1.270.389</u>

Skýringar

5 Sérstök framlög

Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi eða rekstri þeirra. Hér er um að ræða framlög vegna sameiningar sveitarfélaga, framlög til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, framlög vegna sérstakra verkefna og framlög til eflingar tónlistarfræðslu. Framlöggin eru skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Framlög til eflingar tónlistarfræðslu eru samkvæmt reglum 31. ágúst 2016.

	2020	2019
Sameining sveitarfélaga.....	441.490	327.835
Framlög vegna fjárhagserfiðleika	6.580	0
Framlög til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum	17.145	20.554
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatts	4.523.760	4.685.438
Framlög til sérstakra verkefna	1.323.342	132.617
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu	571.700	556.500
Samtals	<u>6.884.017</u>	<u>5.722.944</u>

6 Jöfnunarframlög

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög til að jafna tekjur sveitarfélaga miðað við að þau hafi fullnýtt tekjustofna sína og útgjaldajöfnunarframlög til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni og tekna þeirra. Framlöggin eru samkvæmt 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjujöfnunarframlög	1.250.000	1.250.000
Útgjaldajöfnunarframlög	10.200.000	10.423.311
Samtals	<u>11.450.000</u>	<u>11.673.311</u>

7 Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

Almenn framlög.....	9.981.615	9.270.752
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	2.582.602	2.541.534
Framlög v/nýbúafraeðslu.....	485.129	373.385
Skólabúðir að Reykjum.....	62.595	59.067
Önnur framlög	77.983	119.647
Samtals	<u>13.189.923</u>	<u>12.364.386</u>

Skýringar

8 Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk eru samkvæmt reglugerð nr. 616/2020 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020.

	2020	2019
Almenn framlög v. þjónustu við fatlað fólk.....	18.561.523	17.116.224
Framlög vegna breytingakostnaðar.....	421.703	280.782
Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	570.000	536.000
Framlög vegna NPA.....	574.700	410.000
Framlög vegna lengdrar viðveru.....	186.000	180.000
Stofnkostnaðarframlög v/málefna fatlaðs fólks.....	48.795	239.927
	<u>20.362.720</u>	<u>18.762.933</u>

9 Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni eru færð hér. Inni í launatengdum gjöldum ársins 2019 er leiðrétting vegna tryggingagjalds fyrri ára.

Nefndar- og stjórnarlausn.....	6.496	6.483
Launatengd gjöld.....	<u>1.206</u>	<u>1.893</u>
Samtals	<u>7.702</u>	<u>8.376</u>

10 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður er nokkuð svipaður á milli ára en mesta breytingin liggur í hækkun á aðkeyptri sérfræðiþjónustu.

Bókhaldsþjónusta.....	13.510	14.041
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	17.571	12.923
Funda- og ferðakostnaður.....	3.738	7.060
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	8	451
Þjónustusamn. við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.....	90.820	87.594
Ýmis kostnaður.....	<u>1.178</u>	<u>802</u>
Samtals	<u>126.825</u>	<u>122.871</u>

11 Hreinar fjármunatekjur

Vaxtagjöld.....	(313)	(601)
Vaxtagjöld v/dóms Hæstaréttar.....	0	(279.348)
Vaxtatekjur.....	84.323	156.635
Fjármagnstekjuskattur.....	<u>(18.551)</u>	<u>(34.460)</u>
Samtals	<u>65.459</u>	<u>(157.774)</u>

Skýringar

12 Staða við sveitarfélögin v/óinnh. staðgreiðslu

Í lok árs 2020 nam krafa Jöfnunarsjóðsins á sveitarfélögin vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu launa í desember 2.960 m.kr. samanborið við 2.429 m.kr. árið áður. Ofgreitt framlag v/dóms Hæstaréttar lækkar um 118,7 m.kr.

	2020	2019
Sveitarfélög v/hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu.....	2.960.033	2.429.275
Ofgreitt framlag - Dómur Hæstaréttar.....	1.000.000	1.118.743
Samtals	<u>3.960.033</u>	<u>3.548.018</u>

13 Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla

Í árslok 2020 átti Jöfnunarsjóður inni hjá ríkissjóði 38 m.kr. vegna innheimtu á staðgreiðslu miðað við 18,1 m.kr. árið áður.

Ríkissjóður v/hlutdeildar í innheimtri staðgreiðslu.....	38.008	18.127
Samtals	<u>38.008</u>	<u>18.127</u>

14 Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Ofgreidd framlög vegna fasteignaskatts.....	294.006	345.178
Ýmsar útistandandi kröfur.....	15.256	89.441
Annað.....	12.050	9.638
	<u>321.312</u>	<u>444.257</u>

Skýringar

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu greinist þannig:

	2020	2019
Höfuðstóll 1/1.....	790.341	629.185
Tekjuafgangur ársins.....	47.698	161.156
Höfuðstóll 31/12	<u>838.040</u>	<u>790.341</u>

16 Staða við ríkissjóð

Samkvæmt uppgjöri á lögbundnu framlagi úr ríkissjóði er inneign Jöfnunarsjóðs 91,7 m.kr. í lok árs 2020 samanborett við 557 m.kr. skuld Jöfnunarsjóðs við ríkissjóð árið áður. Skuld vegna dóms Hæstaréttar lækkar og er nú 900 m.kr.

Ríkissjóður, lögbundin framlög.....	(91.662)	557.040
Ríkissjóður, dómur Hæstaréttar.....	900.000	935.282
Samtals	<u>808.338</u>	<u>1.492.322</u>

17 Sveitarfélög og aðrar skuldir

Sveitarfélög og aðrar skuldir greinast þannig:

Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans.....	1.344.054	1.502.391
Framlög v. yfirfærslu á málefnum fatlaðra.....	1.800.000	1.400.000
Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, staða.....	2.123.194	(32.648)
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	65	287
Ýmsar skuldir.....	253.585	64.932
Samtals	<u>5.520.897</u>	<u>2.934.963</u>

18 Önnur framlög, greiðslustaða

Ógreidd/ofgreidd framlög hækka um 578,8 m.kr. frá fyrra ári eða um 172,7% sem skýrist að mestu leyti af ógreiddu framlagi 2020 vegna þjónustu við fatlað fólk.

Almenn jöfnunarframlög vegna grunnskóla.....	243.722	140.849
Almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk.....	519.793	101.391
Framlög vegna NPA.....	108.468	92.947
Viðbótarframlag v/fjárhagsórðugleika.....	42.000	0
Samtals	<u>913.982</u>	<u>335.187</u>

Skýringar

19 Utan efnahagsreiknings

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum, sbr. d-lið 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar til að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar svo og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kveða ekki á um að Innheimtustofnun endurgreiði Jöfnunarsjóði þessi framlög. Ef þau skilyrði skapast að Innheimtustofnun innheimti meðlög umfram það sem hún þarf á að halda til að standa í skilum við Tryggingastofnun ríkisins og greiðslu rekstrarkostnaðar þá endurgreiði hún þann hluta til Jöfnunarsjóðs. Uppsöfnuð framlög til Innheimtustofnunar eru því tilgreind hér til að sýna hversu mikið fé er bundið í innheimtukerfi meðlaga og er sama fjárhæð bókfærð sem framlag Jöfnunarsjóðs í ársreikningi Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

	2020	2019
Flutt frá fyrra ári	14.192.086	14.241.886
Framlag ársins	627.400	473.123
Afskrifaðar kröfur á árinu	(333.425)	(522.923)
Samtals	<u>14.486.061</u>	<u>14.192.086</u>

20 Fimm ára yfirlit í m.kr. á verðlagi hvers árs

	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	53.425	50.244	47.684	44.504	44.597
Rekstrargjöld.....	(53.443)	(49.925)	(47.766)	(45.490)	(45.114)
Fjármunatekjur/(gjöld).....	65	(158)	121	233	296
Tekjuafgangur/halli ársins	<u>48</u>	<u>161</u>	<u>39</u>	<u>(753)</u>	<u>(221)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	8.081	5.553	4.483	4.070	7.582
Eignir alls	<u>8.081</u>	<u>5.553</u>	<u>4.483</u>	<u>4.070</u>	<u>7.582</u>
Eigið fé.....	838	790	629	591	1.344
Skammtímaskuldir.....	7.243	4.762	3.854	3.479	6.238
Eigið fé og skuldir alls	<u>8.081</u>	<u>5.553</u>	<u>4.483</u>	<u>4.070</u>	<u>7.582</u>

Undirritunarsíða

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson

formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs
Guðný Sverrisdóttir

ríkisendurskoðandi
Skúli Eggert Þórðarson

endurskoðandi
Óskar Sverrisson